

Reykjavík, 1. apríl 2015

Nefndarsvið
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (starfsleyfi, áhættustýring, stórar áhættuskuldbindingar, starfskjör, eignarhlutir, eiginfjáraukar, o.fl.), 571. mál.

1. Almenn.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa tekið framangreint frumvarp til skoðunar. Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið er markmið þess að stíga fyrsta skrefið í því að aðlaga íslenska löggjöf á sviði fjármálamarkaða að Basel III staðlinum og nýju regluverki Evrópusambandsins, CRD IV sem byggir á staðlinum. Þá er einnig að finna breytingar á ákvæðum sem eru ekki innleiðing á tilskipun Evrópusambandsins 2013/36/EB.

SFF gera athugasemd við að í frumvarpinu séu séríslenskar reglur. SFF leggja mikla áherslu á að innlend löggjöf á sviði fjármálamarkaðar sé að mestu leyti í samræmi við þá löggjöf sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu. Ástæðan er einfaldlega sú að öll frávik, sérstaklega íþyngjandi, munu auka kostnað innlendra fjármálafyrirtækja og valda því að lánskjör hér á landi verða hærri en í samkeppnislöndum. Þá geta séríslensk ákvæði orðið til þess að veikja aðgang innlendra fjármálafyrirtækja að erlendum lánamörkuðum þar sem erlendir lánveitendur telji að slík ákvæði geri íslensk fyrirtæki að lakari lánþökum og/eða útgefendum. Smæð íslenska markaðarins getur einnig gert það að verkum að erlendir fjárfestar telji ekki þess virði að setja sig inn í séríslenskt lagaumhverfi og falli því frá kaupum á íslenskum fjárskuldbindingum sem útgefna eru af innlendum fjármálafyrirtækjum. Í frumvarpi þessu er í mörgum tilvikum gengið lengra en tilskipun og reglugerð Evrópusambandsins kveður á um. Á það einkum við um það meðalhófsregluna (e. proportionality principle), eða að tekið skuli tillit til stærðar, umfangs og margbreytileika eða flækjustigs í rekstri fjármálafyrirtækja í ákvæðum, en mjög íþyngjandi getur verið fyrir minni fjármálafyrirtæki með einsleita starfsemi að uppfylla sömu kröfur og stærri viðskiptabankar sem bjóða alla þá fjármálaþjónustu sem heimilt er. Meðalhófsreglan er í mörgum tilvikum algjörlega fyrir borð borin í frumvarpinu.

Þá gera SFF einnig athugasemd við þann hraða sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi innleiðingu á ákvæðum CRD IV um eiginfjárauka. Gert er ráð fyrir að ákvæðin komi til framkvæmda 1. janúar 2016 en heimilt er að áfangaskipta innleiðingunni fram til 2019. Að mati SFF hafa ekki komið fram ástæður fyrir því að innleiðingin sé hraðari en í nágrannalöndum okkar. Þá á ýmislegt eftir að koma frá Evrópusambandinu, sk. tæknistaðlar,

vegna nánari útfærslu á reglunum og er því óheppilegt að ákvæðin hafi tekið gildi áður en ljóst er að fullu hvernig staðið skuli að framkvæmd þeirra. Þá er heldur ekki ljóst hvernig samskipti við erlendar eftirlitsstofnanir verður háttað.

Þá telja SFF afar óheppilegt að innleiðing á CRD IV skuli fara fram í áföngum. Til dæmis er breytt skilgreining á eigin fé til samræmis við CRD IV ekki í því frumvarpi sem núna er lagt fram. Það að skilgreining á eigin fé er ekki breytt til samræmis við CRD IV er íþyngjandi fyrir fjármálafyrirtæki. Sama gildir um mikilsverð ákvæði um innra áhættumat fjármálafyrirtækja (ICAAP) og eftirlit Fjármálaeftirlits (FME) með því (SREP). Áformað er að þau ákvæði verði lögfest í síðari áfanga þessara breytinga. SFF telja að mun heppilegra sé að innleiða efnisatriði CRD IV í einum áfanga. Hætta er á því að innbyrðis samhengi sem er í tilskipuninni brenglist þegar staðið er að innleiðingu hennar með þessu hætti. Þá má benda á að í 42. gr. frumvarpsins er ráðherra veitt lagaheimild til þess setja reglugerð sem innleiðir ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 575/2013. Sú reglugerð felur í sér heildstæða innleiðingu á CRD IV. Við nýtingu þessar heimildar gæti því sú staða skapast að reglugerð ráðherra væri komin fram úr lagaheimildum, m.a. hvað varðar skilgreiningu á eigin fé. Þá væri mótsögn milli reglugerðar og gildandi laga.

Í mörgum ákvæðum frumvarpsins fær FME heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum. Undanþáguheimild FME er oft án efnisreglna í lögum, þ.e. ekki er getið með skýrum hætti við hvaða aðstæður FME getur veitt undanþáguna. Það mun skapa hættu á óvissu um starfsskilyrði fjármálafyrirtækja. Undanþáguheimild með þessum hætti getur leitt til ógagnsæis á markaði og aukins kostnaðar, bæði fyrir fjármálafyrirtækin og FME en miðað við þær auknu heimildir sem FME fær í frumvarpinu, hvað varðar veitingu undanþága og setningu reglna, má gera ráð fyrir að frumvarpið eins og það er lagt fram núna, leiði til aukins kostnaðar við rekstur þess sem aftur á móti skila sér í herra eftirlitsgjaldi á fjármálafyrirtækin sem gæti aftur leitt til hærri kostnaðar fyrir viðskiptavinum fjármálafyrirtækjanna.

SFF telja ástæðu til að vekja athygli á því að mjög víða er í frumvarpinu mælt fyrir um opnar heimildir til að setja stjórnvaldsfyrirmæli, sem efast má um að standist ákvæði lögmatísreglu. Þannig er stjórnvöldum víða falið að setja nánari reglur um atriði sem geta verið mjög íþyngjandi og varðað eignarrétt og atvinnufrelsi. Þá er víða boðað í greinargerð að stjórnvöld muni með reglum innleiða frekari ákvæði tilskipunarinnar eða óbirtra tæknilegra framkvæmdastaðla og eftirlitsstaðla.

Þessi undanþáguákvæði og opnu heimildir til að setja stjórnvaldsfyrirmæli gætu leitt til þess að fjármálafyrirtæki neyðast til að sækja rétt sinn fyrir dómstólum. Hins vegar skortir að mæla fyrir um kæruleið á stjórnarsýslustigi í lögunum. Áréttað er mikilvægi þess að fjármálafyrirtæki eigi möguleika á skjótri og trúverðugri kæruleið innan stjórnarsýslunnar þegar þau eru beitt íþyngjandi ákvörðunum, en dómstólaleið í flestum slíkra tilfella myndi reynast of langdregin til að að vera raunverulegt úrræði.

2. Athugasemdir við einstök ákvæði.

Orðskýringar, 1. gr. frumvarps.

Í orðskýringum í 15. tölulið er hugtakið „**móðurfélag**“ skilgreint. Í tilskipun/reglugerð ESB er um þetta efni vísað til reikningshaldstilskipunar ESB um samstæður varðandi skilgreiningu (83/349/EC). Í stað þess að vera með sérstaka skilgreiningu í þessu efni væri nær og meira í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar að vísa til skilgreiningar ársreikningalaga á hugtakinu

„móðurfélag“. Það sama á við um skilgreiningu á hugtökunum „dótturfélag“, „samstæða“ og „hlutdeildarfélag“.

Í 25. tl. er að finna skilgreiningu á „Yfirstjórn“. Um er að ræða séríslenska skilgreiningu og í athugasemdum með greininni er sérstaklega tekið fram að ekki sé um að ræða þýðingu á enska hugtakinu „senior management“ sem fram kemur í 9. tl. 1. mgr. 9. gr. CRD IV.

Orðið yfirstjórn kemur aðeins fyrir í 26. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um hámark breytilegra starfskjara. Í greininni kemur fram að ákvæðið taki m.a. til yfirstjórnar, lykilstarfsmanna, starfsmanna eftirlitseininga og annarra starfsmanna sem njóta sambærilegra heildarstarfskjara og yfirstjórn og lykilstarfsmenn. Þetta hugtak er ekki að finna í lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og á sér enga raunverulega samsvörun í íslenskum félagarétti. Í hlutafélögum er það „stjórn“ viðkomandi félags, kjörin á hluthafafundi, sem er æðsta stjórnunarstig fyrirtækisins, þ.e. að undanskildum hluthafafundi.

SFF leggja til að skilgreiningin verði felld út úr frumvarpinu enda er ekki um almenna skilgreiningu að ræða auk þess sem hugtakið kemur aðeins einu sinni fyrir í frumvarpinu og er ekki að finna í núgildandi lögum um fjármálafyrirtæki. Þá stangast það á við skilgreiningu í öðrum lögum, t.d. lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006 en í þeim lögum er miðað við að yfirstjórn sé sá sem er á næsta stjórnunarstigi fyrir ofan þann starfsmann sem annast stofnun millibankaviðskipta. Um nánari rökstuðning er vísað til umfjöllunar með 26. gr. frumvarps.

Afturköllun starfsleyfis, 5. gr. frumvarps.

Samkvæmt breytingu á 5. gr. verður möguleiki á að afturkalla starfsleyfi ef stjórnarmenn uppfylla ekki skilyrði ákvæða 52. gr. a (20. gr. frumvarpsins), s.s. ef þeir verja ekki „fullnægjandi tíma“ í stjórnarstörf eða sinna lögmannsstörfum fyrir annað fjármálafyrirtæki. Erfitt er að sjá að gætt sé meðalhófs með heimild til starfsleyfissviptingar fjármálafyrirtækis vegna þessa. Nefna má að þegar er fyrir hendi heimild til að beita stjórnvaldssektum og gera kröfu um 2 ára fangelsisrefsingu ef framangreint ákvæði (í núgildandi mynd) er brotið.

Þá verður einnig að gera athugasemdir við verulega matskennt og óljóst ákvæði um afturköllun starfsleyfis ef „*verulegur vafi*“ leikur á því að fjármálafyrirtæki geti staðið við skuldbindingar sínar. Samkvæmt framangreindu á ákvæðið að ná yfir tilvik þar sem fjármálafyrirtæki uppfyllir t.d. kröfur um eiginfjárgrunn en „*verulegar*“ líkur (að mati eftirlitsaðila) séu til þess að fyrirtækið geti ekki í (óskilgreindri) framtíð staðið við skuldbindingar. Hér er gengið skrefi lengra en skv. bráðabirgðaákvæði VI með lögunum, en þar er m.a. að finna þau skilyrði að uppi séu sérstakar aðstæður sem kalli á sérstakar ráðstafanir til að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Efnisinntaki 18(1)(d) í tilskipuninni, sem ákvæðið byggir á, virðist betur náð miðað við íslenska lagahefð með orðalaginu að „fjármálafyrirtæki geti *ekki sýnt fram á* að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lánadrottnum og/eða innlánseigendum“.

Ástæða er til að undirstrika að hætt er við að illa ígrundað inngríp með starfsleyfissviptingu geti frekar aukið á tjón heldur en hitt og mikilvægi meðalhófs, sem m.a. kemur fram í ákvæðum 86. gr. og 100 gr. a. núgildandi laga.

Áhættustýring, 6. gr. frumvarps.

Í 4. mgr. kemur fram að ef yfirmaður áhættustýringar láti af störfum skuli það tilkynnt FME. Ekki er gerð krafa um tilkynningu til fjármálaeftirlits samkvæmt CRD IV og leggja SFF til að þessi skylda verði felld brott.

Í 6. mgr. er að finna eftirfarandi ákvæði:

„Ef starfsemi fjármála fyrirtækis réttlætir ekki sérstakt stöðugildi yfirmanns áhættustýringar getur Fjármálaeftirlitið heimilað að annar starfsmaður hafi umsjón með áhættustýringu fjármála fyrirtækisins, enda sé gætt að hagsmunaárekstrum. Við slíkt mat skal Fjármálaeftirlitið hafa hliðsjón af eðli og umfangi starfsemi fyrirtækisins og því hversu margþætt hún er. Fjármálaeftirlitinu er heimilt, í reglum settum skv. 8. mgr., að kveða á um hvenær starfsemi fjármála fyrirtækis réttlætir að ekki sé til staðar sérstakt stöðugildi yfirmanns áhættustýringar“.

Í tilskipuninni segir hins vegar um sama atriði, að þar sem eðli, umfang og fjölbreytileiki starfsemi fjármála fyrirtækisins réttlæti ekki sérstakt stöðugildi áhættustýringar geti annar (háttsettur) stjórnandi gegnt því hlutverki, að því tilskildu að það valdi ekki hagsmunaárekstrum. (e. *Where the nature, scale and complexity of the activities of the institution do not justify a specially appointed person, another senior person within the institution may fulfil that function, provided there is no conflict of interest.*)

Í stað þess að auka á starfsskyldur FME, sem þegar eru ærnar, ætti það að vera á ábyrgð stjórnar fjármála fyrirtækis að meta hvort þörf væri á sérstöku stöðugildi, m.t.t. eðlis, umfangs og margbreytileika starfseminnar. Að öðrum kosti ætti að nægja að FME setji viðmið um hvenær starfsemi fjármála fyrirtækis réttlætir að ekki sé til staðar sérstakt stöðugildi yfirmanns áhættustýringar m.t.t. eðlis, umfangs og margbreytileika starfseminnar, en ekki að það þurfi að sækja um heimild til undanþágu til FME.

Reglusetning, 7. gr. frumvarps.

Í 7. grein frumvarpsins er að finna ákvæði um heimild FME til að setja reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir. Reglan var lögfest með lögum nr. 75/2010. Ekki er að finna slíkt ákvæði í CRD IV. Með frumvarpinu á að lögfesta viðbót við þegar matskennt ákvæði þar sem tilgreint er með almennum hætti að reglur FME skuli kveða á um samskipti fjármála fyrirtækja við viðskiptavinina sína, upplýsingagjöf til viðskiptavina og meðhöndlun kvartana. Þá er hér gengið inn á starfssvið Neytendastofu sem hefur að gera með viðskiptahætti og samskipti við neytendur, eins og sjá má glögg af skilgreiningu hugtaksins „viðskiptahættir“ í lögum nr. 57/2005 og lögum nr. 62/2005. Þessu til viðbótar hafa Evrópsku eftirlitsstofnanirnar talið nægjanlegt að setja fram tilmæli (e. *guidelines*) um meðhöndlun kvartana en slík ákvæði hafa ekki verið lögfest.

Lánveitingar, 10. gr. frumvarps.

Grein 29. a um lánveitingar kom ný inn í gildandi lög með lögum nr. 75/2010. Hér er um að ræða séríslenska reglu sem var sett eftir bankahrun. SFF leggja til, í samræmi við almennar athugasemdir hér að ofan að þessi séríslenska regla verði felld úr gildi. SFF telja að ekki sé þörf á sérreglu sem þessari auk þess sem hún getur valdið því að starfsmenn fjármála fyrirtækja beini viðskiptum sínum til annarra fjármála fyrirtækja sem veldur því að áhættustýring og regluvörður missa nauðsynlega yfirsýn yfir fjárhagsstöðu lykilstarfsmanna og annarra starfsmanna. SFF leggja því til að fyrstu þrjú málsliðir 10. gr. frumvarpsins falli út, þ.e. fyrstu þrjú málsliðir í þeirri grein sem breyta 2. mgr. 29. gr. a. Í núgildandi lögum er að finna ákvæði, 57. gr., sem skyldar fjármála fyrirtæki nú þegar að setja reglur, um viðskipti þess

við framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn og skulu þau, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum.

Takmarkanir á stórum áhættum, 11. gr. frumvarps.

Frumvarpið fellir út að samtala stórra áhættuskuldbindinga megi ekki fara yfir 400% af eiginfjárgrunni. Í 7. mgr. frumvarpsins kemur fram að FME skuli setja nánari reglur um stórar áhættuskuldbindingar. Í þeim skuli m.a. koma fram hámark samtölu stórra áhættuskuldbindinga. Þar sem frumvarpið fellir niður samtölu stórra áhættuskuldbindinga þá er rétt að þessi heimild FME falli út í 7. mgr.

Hæfisskilyrði stjórnar og stjórnarseta starfsmanna, 19. gr. frumvarps.

Í 3. mgr. 19. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. SFF benda á og ítreka umsögn sína við frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 343. mál sem lagt var fram árið 2010, að varhugavert getur verið að gera háskólamenntun sem hæfisskilyrði fyrir stjórnarsetu, auk þess sem skilyrðið um að slík menntun „nýtist í starfi“ uppfyllir ekki eðlileg skilyrði um fyrirsjáanleika sem er nauðsynlegur þegar um svo mikilvæga hagsmuni er að tefla. Mikilvægt er að hluti stjórnar hafi sérþekkingu sem byggir á háskólamenntun en óheppilegt er að lög komi í veg fyrir að ærlegt og traust fólk með gott gildismat og reynslu sem nýtist við stjórnunarstörf setjist í stjórn fjármálafyrirtækja, óháð menntun. Ekki á þannig að útiloka að samsetning stjórnar fjármálafyrirtækis geti endurspeglad samfélagsgildin í heild, ekki ólíkt því sem á við um þjóðkjörna fulltrúa landsins og kjörgengi þeirra.

Í 5. mgr. kemur fram að starfsmönnum fjármálafyrirtækja er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis. Ekki er um innleiðingu á CRD IV og leggja því SFF til að þetta ákvæði verði fellt úr frumvarpinu enda er það í samræmi við þá athugasemd SFF að ekki skuli hafa sérákvæði í íslenskum lögum.

Í 6. mgr. segir að fjármálafyrirtæki skuli verja *fullnægjandi* fjármunum og mannafla til þess að kynna starfsemi fjármálafyrirtækisins fyrir stjórnarmanni og *tryggja* að hann hljóti viðeigandi þjálfun til stjórnarsetunnar. Ekki er heppilegt að kveða á um að fjármálafyrirtækið skuli „tryggja“ að stjórnarmaður hljóti viðeigandi þjálfun til stjórnarsetunnar. Óeðlilegt er að ætlast til þess að fyrirtækið veiti slíka tryggingu. Orðalagið gæti vakið upp álitamál um ábyrgð fyrirtækisins á athöfnum eða athafnaleysi stjórnarmannsins ef hann brýtur gegn skyldum sínum. Ákvæðið er að þessu leyti í ósamræmi við 9. mgr. 91. gr. CRD IV. Þá telja SFF orðið „fullnægjandi“ sé of matskennt fyrir fjármálafyrirtækin og leggja til að það verði fellt niður, skyldan hvílir áfram á fjármálafyrirtækjum að verja fjármunum og mannafla til að kynna starfsemi sína fyrir stjórnarmönnum.

Framkvæmd starfa stjórnar, ábyrgð hennar og verkaskipting stjórnar og framkvæmdastjóra, 21. gr. frumvarps.

Í þriðja málslið 1. mgr. segir að stjórn beri ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkri og *varfærinni* stjórn fyrirtækisins. Í 88. gr. tilskipunarinnar er talað um „prudent managment“, SFF telja að hér sé ekki um rétta þýðingu að ræða og óljóst getur verið hvað sé átt við með „varfærinni stjórn“. SFF leggja því til að orðið „*varfærinni*“ verði skipt út fyrir orðið „*skynsamlegri*“ enda verður að telja að það sé réttari þýðing á orðinu „*prudent*“.

Reglur um starfskjarastefnu og breytileg starfskjör, 25. og 26. gr. frumvarps. – almennt.

SFF gera athugasemdir við innleiðingu á reglum um kaupaukakerfi. Þessi ákvæði voru samin utan þeirra nefndar sem vann að samningu frumvarpsins og án samráðs við fulltrúa SFF.

Innleiðingin um hámark breytilegra starfskjara er ekki í samræmi við ramma CRD IV en aðrar Norðurlandþjóðir nýta sér þann ramma sem þar er markaður. Norðurlandþjóðir miða því við að hlutfall breytilegra starfskjara geti verið 100% af föstum starfskjörum og að heimild sé til staðar að hækka hlutfallið í 200% á hluthafafundi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að hámark breytilegra starfskjara geti hæst farið í 25%. Ákvæðið í frumvarpi þessu tekur m.a. til framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna, starfsmanna eftirlitseininga og annarra starfsmanna sem njóta sambærilegra heildarstarfskjara og framkvæmdastjórar og lykilstarfsmenn. 25% hámarkið gildir því ekki um aðra starfsmenn fjármálafyrirtækja og geta þeir því samið um hærri breytileg starfskjör. SFF mæla með því að hámarksramminn varðandi starfskjarastefnu og breytileg starfskjör verði innleiddur í lögina en SFF leggja mikla áherslu á að innleiðingin sé að fullu í samræmi við tilskipunina og um leið í samræmi við aðrar Norðurlandþjóðir sem við berum okkur helst við. Þá vilja SFF einnig benda á að íslensk fjármálafyrirtæki eru í mikilli og vaxandi samkeppni við erlend fjármálafyrirtæki þar sem heimildir til breytilegra starfskjara eru og verða rýmri en hér á landi verði frumvarpið óbreytt að lögum.

Með því að hafa hámark breytilegra starfskjara 25% þá telja SFF að fastakostnaði fjármálafyrirtækja sé þrýst upp, í stað þess að hafa ákveðið jafnvægi á milli fastra starfskjara og breytilegra sem taka mið af gengi fjármálafyrirtækisins hverju sinni. Eru við þær aðstæður meiri líkur á að fjármálafyrirtækin greiði starfsmönnum hærri starfskjör en ella. Það getur valdið launaskriði og því að rekstraráhætta fjármálafyrirtækja aukist. Í slíkum tilvikum gæti útgreiðsla launa orðið þung ef aðstæður í fjármálafyrirtæki eru ekki góðar en gera má ráð fyrir sveiflum í rekstri þessara fyrirtækja eins og annarra. CRD IV gerir ráð fyrir að fjármálafyrirtæki skuli einmitt hafa jafnvægi á milli fastra starfskjara og breytilegra. Í þeim aðstæðum eru breytileg starfskjör einungis greidd út þegar vel gengur, ef svo má komast að orði.

Í frumvarpinu eru fjölmargir varnaglar við útgreiðslu breytilegra starfskjara við ákveðnar aðstæður. Í 25. gr. frumvarpsins sem breytir 57. gr. a núgildandi laga, kemur fram að stjórn fjármálafyrirtækis skuli samþykkja starfskjarastefnu fyrirtækisins varðandi heildarstarfskjör starfsmanna, þ.m.t. föst starfskjör, breytileg starfskjör, *ef þau eru veitt* og ráðningarkaupauka. Starfskjarastefnan skal miða að því að heildarstarfskjör hvetji ekki til óhóflegrar áhættu og séu í samræmi við áhættuþol fyrirtækisins.

Þá er tekið fram í 26. gr. frumvarpsins, það er, a. (57. gr. b) að fjármálafyrirtæki er aðeins heimilt að ákvarða breytileg starfskjör þegar tekið hefur verið tillit til heildarafkomu fjármálafyrirtækis, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar. Þá mega breytileg starfskjör ekki takmarka uppbyggingu eiginfjárgrunns fjármálafyrirtækis eða takmarka uppbyggingu eiginfjárgrunns þegar fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki ákvæði um eiginfjárauka.

Í d. lið sömu greinar kemur fram að starfsreglur fjármálafyrirtækisins um breytileg starfskjör skulu tryggja að breytileg starfskjör sem hafa verið ákvörðuð *en ekki greidd út* vegna frestunar skuli ekki greidd út, eða aðeins greidd út að hluta, ef staða fyrirtækisins hefur versnað verulega eða útlit er fyrir að staða þess muni versna. Þá kemur einnig fram að í starfsreglunum um breytileg starfskjör skuli það vera tryggt að í þeim tilvikum þegar fjármálafyrirtæki er veitt lán til þrautavara frá seðlabanka, eða einhvers konar fjárhagsaðstoð, skuli vera heimilt að afturkalla, í heild eða að hluta, þegar ákvörðuð breytileg starfskjör sem ekki hafa verið greidd út til starfsmanns.

Þá kemur fram í 29. gr. frumvarpsins, þ.e. a. (78. gr.) að fjármálafyrirtæki skuli starfrækja áhættunefnd. Starfsmönnum fjármálafyrirtækisins er óheimilt að sitja í nefndinni en meirihluti

nefndar skal vera skipuð stjórnarmönnum en áhættunefnd er undirnefnd stjórnar. Eitt af hlutverkum nefndarinnar er að kanna hvort hvatar sem falist geta í starfskjarastefnu fjármálafyrirtækisins, þar á meðal breytilegum starfskjörum, samræmis áhættustefnu fyrirtækisins.

Í 6. gr. frumvarpsins, sem breytir 17. gr. núgildandi laga kemur fram að áhættustýring skuli taka virkan þátt í mótun áhættustefnu fjármálafyrirtækis og hafa aðkomu að viðameiri ákvörðunum um áhættustýringu. Áhættustýring skal einnig hafa heildstæða yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í starfseminni. Áhættustýring er ein eftirlitseining fjármálafyrirtækis og hennar hlutverk er, þegar breytileg starfskjör hafa verið ákvörðuð, að sjá til þess að þau verði ekki greidd út þegar illa árar, sbr. umfjöllun hér að ofan.

Í 30. gr. frumvarpsins sem bætir við sex nýjum greinum um eiginfjáruka, kemur fram í 5. mgr. a. (84. gr. a) að fjármálafyrirtæki sem þegar viðheldur eiginfjárukum lögum samkvæmt er óheimilt að greiða út arð, breytileg starfskjör til starfsmanna eða aðrar þær útgreiðslur sem verða til að fyrirtækið uppfyllir ekki lengur lágmarkskröfur um hlutfall eiginfjár. Ef fjármálafyrirtæki uppfyllir eiginkröfur lögum samkvæmt en viðheldur ekki eiginfjárukum lögum samkvæmt er því óheimilt að greiða út arð eða breytileg starfskjör til starfsmanna.

Miðað við ofangreint verður að telja að lögin sjálf setji margvíslegar takmarkanir á útgreiðslu breytilegra starfskjara þegar fjármálafyrirtækin standa ekki nægilega vel fjárhagslega. Þá er það einnig sérstakt að það skulu gilda sér reglur um starfskjör starfsmanna fjármálafyrirtækja en í dag er það almennt þekkt í fyrirtækjum á Íslandi og víðar, að greiddir séu kaupaukar til starfsmanna þegar vel gengur en það færir í aukana að starfsmönnum séu greidd lægri grunnlaun en áður, sem hefur haft í för með sér ákveðna kjaraskerðingu fyrir marga en aftur á móti fá starfsmenn greidd út breytileg starfskjör þegar vel gengur og fjárhagsleg staða fyrirtækjanna er góð. Innan fjármálafyrirtækjanna er, eins og fram kemur hér að ofan, sérstakt kerfi sem verndar fjármálafyrirtækin gegn því að greidd séu út breytileg starfskjör sem ógnað getur fjárhagslegri stöðu þess.

Öllum þessum fyrirvörum við ákvörðun og útgreiðslu breytilegra starfskjara er ætlað að draga úr þeirri áhættu sem gæti falist í áhrifum breytilegra starfskjara á afkomu og eigið fé fjármálafyrirtækja. Þessu til viðbótar eru ýmis ákvæði annarra tilskipanana ESB sem ætlað er að draga úr eða forða áhættu af völdum starfsemi fjármálafyrirtækja á opinber fjármál, svo sem tilskipunar um slit endurhæfingu og slit fjármálafyrirtækja og innstæðtryggingar sem eru hluti af „single rule book“ stefnu ESB gagnvart fjármálamarkaðnum eins og CRD IV. Áformað er að þessar tilskipanir verði lögfestar hér á næstu misserum. Allar þessar tilskipanir eru af hálfu ESB hugsaðar sem ein heild og þær takmarkanir sem eru á breytilegum starfskjörum verður að skoða í ljósi þeirra. Hafa verður í huga að takmarkanir á breytilegum starfskjörum er mikið inngrip í frelsi til samninga um kaup og kjör. Veigamiklar ástæður þurfa því að vera til staðar til þess að réttlæta inngrip í slíka samninga. Afstaða ESB varðandi takmarkanir á breytilegum starfskjörum liggur fyrir í CRD IV. Engin rök liggja til þess að ganga lengra í þeim efnum hér á landi en í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarps um starfskjarastefnu og breytileg starfskjör.

Ef ákvæðin um starfskjarastefnu verða að lögum óbreytt þá vilja SFF benda á nokkur ákvæði sem eru annað hvort séríslensk eða íþyngjandi miðað við ákvæði CRD IV:

Í 25. gr. frumvarpsins sem breytir 57. gr. a, er fjallað um starfskjarastefnu. Í 2. mgr. eru talin upp þau atriði sem starfskjarastefna skal miða við og eiga a og b-liðir sér samsvörun í tilskipuninni (92(1)(a-b)). Jafnramt má leiða c-lið frumvarpsins af framangreindu. Hins vegar er d-liður ákvæðisins séríslenskur og er lagt til að hann verði felldur brott.

Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram að ef fjármálafyrirtæki hefur 100 starfsmenn eða fleiri eða á eignir umfram 20 milljarða kr. í lok síðastliðin reikningsárs er því skylt að skipa sérstaka starfskjaranefnd. SFF telja að viðmiðin við 20 milljarða kr. séu of lág miðað við stærð minni fjármálafyrirtækja. SFF telja að rétt sé að fara dönsku leiðina í þessum efnum og miða eingöngu við starfsmannafjölda og þá þann fjölda sem sé tiltekin í ákvæðinu, þ.e. 100 starfsmenn. Með því mun undanþágubeiðnum til FME fækka eftir að frumvarpið hefur tekið gildi.

Í lok 2. mgr. a (57. gr. b), þ.e. 26. gr. frumvarpsins, er tekið fram að óheimilt sé að ákvarða stjórn fjármálafyrirtækis breytileg starfskjör. Hér er um að ræða íþyngjandi reglu en tilskipunin bannar ekki að ákvarða stjórn breytileg starfskjör. Heimilt er að greiða eftirlitseiningum breytileg starsfkjör og telja verður að stjórn falli þar undir.

Gildissvið takmarkana á breytilegum starfskjörum.

b. (57. gr. c.) orðast svo:

Samtala ákvarðaðra breytilegra starfskjara starfsmanns sem telst hafa veruleg áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis, að meðtöldum þeim hluta starfskjara sem frestað er, má á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 25% af föstum starfskjörum hlutadeigandi starfsmanns. Ákvæðið tekur m.a. til yfirstjórnar, lykilstarfsmanna, starfsmanna eftirlitseininga og annarra starfsmanna sem njóta sambærilegra heildarstarfskjara og yfirstjórn og lykilstarfsmenn.

Fjármálaeftirlitið skal setja reglur þar sem tilgreindir eru starfsmenn skv. 1. mgr. og um sérstök viðmið fyrir breytilegum starfskjörum starfsmanna eftirlitseininga.

Í 2. mgr. 92. gr. CRD IV, sem er innleidd með ofangreindu ákvæði segir:

„Competent authorities shall ensure that, when establishing and applying the total remuneration policies, inclusive of salaries and discretionary pension benefits, for categories of staff including senior management, risk takers, staff engaged in control functions and any employee receiving total remuneration that takes them into the same remuneration bracket as senior management and risk takers, whose professional activities have a material impact on their risk profile, institutions comply with the following principles in a manner and to the extent that is appropriate to their size, internal organisation and the nature, scope and complexity of their activities“.

Vísað er til fyrri umfjöllunar um „yfirstjórn“ í athugasemdum um 1. gr. frumvarpsins. Í 92. grein tilskipunar er miðað við „senior management“. Það hugtak er skilgreint í 9. tl. 1. mgr. 9. gr. CRD IV með eftirfarandi hætti:

'senior management' means those natural persons who exercise executive functions within an institution and who are responsible, and accountable to the management body, for the day-to-day management of the institution;

Með „management body“ er ótvírætt átt við *stjórn* fjármálafyrirtækis sem er kosin á hluthafafundi. „Senior management“ er sá aðili, eða aðilar, eftir atvikum, sem annast daglegan rekstur, sækir umboð sitt til stjórnar og er ábyrgur gagnvart henni varðandi ákvarðanir sínar. Því er rétt að skipta hér út orðinu „yfirstjórn“ fyrir *framkvæmdastjóra*. SFF telja að engar haldbærar ástæður hafi komið fram sem réttlæta það að beðið sé með að innleiða með nákvæmum hætti inn í íslenskan rétt enska hugtakið „senior management“. Með því að hafa séríslensk ákvæði eins og „yfirstjórn“ getur verið afar óljóst til hverra það tekur og er það afar slæmt þegar tilskipanir eins og þessi, þrengja að samningarétti manni varðandi lífsviðurværi sitt, þ.e. laun. Því er rétt að miða við að hugtakið „senior management“ verði innleidd inn í íslenska löggjöf eins reglur Evrópuréttar gera ráð fyrir.

Þá er upptalning á starfsmönnum í 26. gr. ekki tæmandi en alltaf skal miða við starfsmenn sem teljast hafa veruleg áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis en með því að miða við „yfirstjórn“ í 26. gr. þá gætu í raun fallið þar undir fleiri starfsmenn en þeir sem eru í þeirri stöðu að geta talist hafa veruleg áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis en víða þekktist að t.d. markaðstjóri eða samskiptastjóri heyri beint undir framkvæmdastjóra.

Þá segir enn fremur í b. (57. gr. c.) að ákvæðið taki til „*lykilstarfsmanna*“. Hugtakið er skilgreint með þessum hætti í 8. tl. 1. gr. núgildandi laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002:

Lykilstarfsmaður: Einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.

Ákvæði CRD IV er hér innleitt með mun víðari hætti en tilefni gefur til. Tilskipunin gerir ráð fyrir að takmarkanir á breytilegum starfskjörum nái eingöngu til þeirra starfsmanna sem hafa *áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækja*. Hugsunin hér að baki kemur skýrt fram í 62. grein aðfaraorða tilskipunarinnar þar sem sagt er að takmörkun á starfskjarastefnu sé ætlað að stemma stigu við óhóflegri töku áhættu fjármálafyrirtækis. Í 2. mgr. 92. gr. CRD IV kemur að auki skýrt fram að ætlast er til þess að takmarkanir á starfskjörum nái eingöngu til þeirra sem hafa áhrif áhættustefnu eða áhættusnið fjármálafyrirtækisins. Með það í huga þá leggja SFF einnig til að orðið „m.a.“ falli út í 2. málslíð 1. mgr. b. (57. gr. c.).

Ljóst er að ýmsir lykilstarfsmenn sem falla undir þessa skilgreiningu hafa lítil eða engin áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis. Dæmi um það eru forstöðumenn ýmissa deilda sem annast miðlun milli viðskiptamanna með vöru, svo sem gjaldeyrir, verðbréf og fyrirtæki (fyrirtækjaráðgjöf) og hafa ekki heimild til þess að eiga viðskipti fyrir reikning fjármálafyrirtækis. Sama gildir um forstöðumenn greiningardeilda.

SFF leggja því til að orðið „*lykilstarfsmanna*“ verði fellt út úr grein b. (57. gr. c.).

Þá segir í 2. málslíð 1. mgr. b. (57. gr. c.) að ákvæði taki m.a. til annarra starfsmanna sem njóta sambærilegra heildarstarfskjara og *yfirstjórn og lykilstarfsmenn*.

Eins og komið hefur fram telja SFF ekki rétt að nota hugtökin *yfirstjórn og lykilstarfsmenn* í þessu samhengi hér. Orðalag tilskipunar er með öðrum og eftirfarandi hætti: „... and any employee receiving total remuneration that takes them into the same remuneration bracket as senior management and risk takers, whose professional activities have a material impact on their risk profile...“

Þá er í lok 2. mgr. 92. gr. CRD IV skýrt að þessar takmarkanir á starfskjarastefnu skuli aðeins innleiða að því marki sem þær eru viðeigandi í ljósi stærðar, innra skipulags, eðli, umfangs og flækjustígs fjármálafyrirtækis. Hér er verið að vísa til meðalhófsreglunnar þar sem smærri og sérhæfðari fjármálafyrirtæki munu síður skapa hættu á kerfisáhættu með starfsemi sinni. Hvorki sú takmörkun að gildissvið takmarkana á starfskjarastefnu nái eingöngu til þeirra starfsmanna sem hafa áhrif á áhættustefnu eða áhættusnið fjármálafyrirtækis né meðalhófsregla koma fram í gr. b. (57. gr. c). Nauðsynlegt er að það sé gert með skýrum hætti en færa má rök fyrir því að nauðsynlegt sé fyrir smærri og sérhæfðari fjármálafyrirtæki, að hafa möguleika á að stýra vægi breytilegra starfskjara og draga þannig úr rekstraráhættu.

Því leggja SFF til að 2. málslíður 1. mgr. b. (57. gr. c.) verði innleiddur nákvæmlega eins og orðalag tilskipunar eða með þessum hætti:

„Ákvæðið tekur til framkvæmdastjóra, starfsmanna eftirlitseininga og annarra starfsmanna sem njóta sambærilega heildarstarfskjara og framkvæmdastjóri sem teljast hafa veruleg áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis. Ákvæðinu skal beitt á fjármálafyrirtæki eftir því sem viðeigandi er að teknu tilliti til stærðar þeirra, innra skipulags, eðli og umfangs starfsemi þeirra.

Ólík sjónarmið eru uppi um það á meðal aðildarfélagum SFF hvernig beri að innleiða reglurnar um breytileg starfskjör. Þau eru eftirfarandi:

Meðal smærri aðildarfélagum innan vébanda SFF er ríkjandi það sjónarmið að ef tilgangurinn með reglunum um hámark breytilegra starfskjara er að stemma stigu við notkun þeirra hjá kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum þá sé gildissviðið alltof víðtækt. Fyrir þau fjármálafyrirtæki sem ekki teljast kerfislega mikilvæg, annað hvort vegna smæðar eða vegna eðli starfseminnar, þá telja þau að engin rök standi til þeirrar takmörkunar sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þvert á móti telja þau að færa megi gild rök fyrir því að nauðsynlegt sé fyrir þessi fjármálafyrirtæki, umfram önnur, að hafa möguleika á að auka vægi breytilegra starfskjara frá því sem nú er. Með því megi draga úr rekstraráhættu, auk þess sem það myndi stuðla að bættri samkeppnisstöðu þessara fjármálafyrirtækja. Því eru það tilmæli smærri aðildarfélagum SFF að ef Alþingi fellst ekki á aðaltillögu SFF að ákvæðið verði fært til samræmis við ramma CRD IV þá verði meginregla tilskipunarinnar að minnst kosti látin gilda um þau fyrirtæki sem ekki teljast kerfislega mikilvæg.

Afstaða stærri aðildarfélagum er hins vegar sú að eðlilegt þyki að lagareglur um breytileg starfskjör verði í aðalatriðum eins hjá fjármálafyrirtækjum. Þau telja að slík undanþága fyrir minni fjármálafyrirtæki myndi skekkja samkeppnisstöðu þeirra, enda eru þau í flestum tilvikum að veita sömu þjónustu og minni fjármálafyrirtækin og í samkeppni um starfsfólk. Því telja þau að mismunandi reglur um starfskjör verði ekki studdar þeim rökum að starfsemi minni fjármálafyrirtækja hafi tiltekna sérstöðu hvað viðfangsefni varðar. Þá er ekki unnt að útiloka að þau geti stofnað til kerfisáhættu, svo sem við þær aðstæður að fjármálafyrirtækið geti þjónustað viðskiptavinum sem hafa ráðandi stöðu á markaði.

Gildissvið samsetningu og frestun breytilegra starfskjara.

Í 1. mgr. c. (57. gr. d) kemur fram að, að minnsta kosti helmingur ákvarðaðra breytilegra starfskjara fjármálafyrirtækis skuli samanstanda af hlutabréfum, stofnfjárbréfum eða samskonar eignarréttindum í hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki, hlutabréfatengdum gerningum,

o.s.frv. Samkvæmt þessu er skylda að greiða öllum starfsmönnum, t.d. hlutabréf í viðkomandi fjármálafyrirtæki, burtséð frá stöðu þeirra og föstum kjörum. Ákvæði CRD IV gerir einungis ráð fyrir að þeir starfsmenn sem teljast til framkvæmdastjóra, starfsmanna eftirlitseininga og annarra starfsmanna sem njóta sambærilegra heildarstarfskjara og framkvæmdastjóri, skulu fá breytileg starfskjör með þessum hætti. Hér er um að ræða íþyngjandi innleiðingu á CRD IV fyrir starfsmenn en gera má ráð fyrir að fyrir starfsmenn sem ekki fá há föst starfskjör skipti miklu máli að fá þau breytilegu starfskjör greidd út í reiðufé innan hæfilegs tíma sem þeir hafa unnið sér inn.

Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram að ef breytileg starfskjör starfsmanns, sem ákvæði 1. mgr. 57. gr. c. tekur ekki til, á ársgrundvelli nema ekki hærrí fjárhæð en 10% af föstum starfskjörum starfsmanns, er heimilt þrátt fyrir 2. mgr., sem kveður á um að fresta skuli a.m.k. 40% af ákvörðuðum breytilegum starfskjörum í a.m.k. þrjú ár, að ákvarða þau án frestunar. Hér er einnig um að ræða íþyngjandi innleiðingu á tilskipuninni fyrir starfsmenn en einungis er mælt fyrir um að fresta skuli greiðslu breytilegra starfskjara fyrir starfsmenn sem 1. mgr. 57. gr. c tekur til. SFF leggja til að þessi málsgrein verði felld út og að það komi skýrara fram í ákvæðinu að það eigi aðeins við um þá starfsmenn sem getið er um í 1. mgr. 57. gr. c, eins og CRD IV gerir ráð fyrir. Þá telja SFF að það sé heppilegra að fjármálafyrirtæki fjalli um samsetningu og frestun breytilegra starfskjara hjá þessum starfsmönnum í starfsreglum sínum, ef þau telja þörf á því.

Afturköllun og endurkrafa breytilegra starfskjara.

Fyrsti málsliður 2. mgr. d. (57. gr. e.) orðast svo:

Starfsreglur fjármálafyrirtækis um breytileg starfskjör skulu tryggja að fyrirtæki sé heimilt að endurkrefja starfsmann um þegar útgreidd breytileg starfskjör, í heild eða að hluta, einkum ef í ljós kemur að starfsmaður var þátttakandi í eða bar ábyrgð á framferði sem olli fjármálafyrirtækinu verulegu tjóni eða brást starfsskyldum sínum verulega.

Í (n) lið 1. gr. 94. gr. CRD IV segir:

Up to 100 % of the total variable remuneration shall be subject to malus or clawback arrangements. Institutions shall set specific criteria for the application of malus and clawback. Such criteria shall in particular cover situations where the staff member:

(i) participated in or was responsible for conduct which resulted in significant losses to the institution;

Orðalag (n) lið 1. gr. 94. gr. er mjög þröngt, enda heimilar ákvæðið fjármálafyrirtækjum að endurkrefja starfsmann um þegar útgreidd breytileg starfskjör, þ.e. laun sem eru varin af eignaréttarákvæði stjórnarskrár. Orðalag ákvæðisins eins og það er sett fram gefur tilefni til að ætla að fleiri tilvik en þau sem eru nefnd í CRD IV heimili fjármálafyrirtækjum að endurkrefja starfsmann um þegar útgreidd breytileg starfskjör. Hér liggur sönnunarbyrðin öll á viðkomandi fjármálafyrirtæki. SFF leggja til að orðinu einkum verði skipt út fyrir orðinu sérstaklega enda er það í samræmi við þýðingu á orðinu in particular.

Lausafjárhætta, 29. gr. frumvarps.

Í 9. mgr. i-liðar (78. gr. h) er notað hugtakið „framkvæmdastjórn fjármálafyrirtækis“ en framkvæmdastjórn skal samþykkja viðbragðsáættun sem fjármálafyrirtækjum er skylt að setja. Hugtakið „framkvæmdastjórn“ kemur ekki annars staðar fram í frumvarpinu nema í skýringu við þetta ákvæði. Hugtakið er heldur ekki skilgreint í frumvarpinu. Hugtakið er hvorki notað í lögum um hlutafélög nr. 2/1995 né í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Óljóst er hvaða tengsl eru á milli þessa hugtaks og hugtaksins „yfirstjórn“ sem notað er í frumvarpinu (og gerð er athugasemd við hér að ofan). Telja verður óheppilegt og í raun óþarft að nota þetta hugtak í frumvarpinu. Ákvæðið byggist á 86. gr. tilskipunarinnar en í 2. mgr. kemur fram „management body“ samþykki m.a. þessa áætlun. Rétt er því að skipta út orðinu „framkvæmdastjórn“ fyrir „stjórn“.

Í sömu málsgrein er lagt til að viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir skuli vera með fullnægjandi *tryggingar* vegna fjármögnunar frá seðlabanka. Telja verður óheppilegt og villandi að nota hér hugtakið „trygging“. Þetta ákvæði byggir á 11. tl. 86. gr. CRD IV. Þar er hins vegar ekki notað orðið „fullnægjandi trygging“, heldur „*collateral immediately available for central bank funding*“. Í stað orðsins „trygging“ mætti t.d. nota orðið „veðtrygging“.

Eiginfjáráaukar, 30. gr. frumvarps.

Í 3. mgr. a-lið (84. gr.a.) segir: „*Eiginfjáráaukar bætast við lágmarkseiginfjárgrunn skv. 1. másl. 1. mgr. 84. gr. og til viðbótar við eiginfjárkröfu skv. a-lið 1. mgr. 84. gr. Sé fjármálafyrirtæki skylt að viðhalda einum eða fleirum þeirra eiginfjáráauka sem kveðið er á um í 84. gr. b – 84. gr. e myndar sú skylda samanlagða kröfu um eiginfjáráauka. Eiginfjáráaukar bætast þannig við kröfu skv. 1. másl. 1. mgr. 84. gr. og a-lið 1. mgr. 84. gr. svo að fyrst myndast skylda til þess að viðhalda eigin fé til þess að uppfylla eiginfjárkröfu vegna eiginfjáráauka vegna kerfisáhattu, þá eiginfjáráauka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, síðan sveiflujöfnunarauka og að lokum verndunarauka. Samanlagt gildi eiginfjáráaukanna myndar þannig samanlagða kröfu um eiginfjáráauka.*“

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði krafa um nýja eiginfjáráauka. Í frumvarpinu kemur hins vegar fram að eftir er að útfæra fyrirkomulag slíkra krafna með nánari hætti í reglugerðum. Töluverð óvissa er um þessa útfærslu. T.d. er ekki skýrt hvaða áhrif tilkoma eiginfjáráaukanna mun hafa á ákvörðun FME um eiginfjárkröfu skv. a-lið 1. mgr. 84. gr. Afar mikilvægt er að útfærsla og framkvæmd þessara reglna verði í samræmi við EES-reglur og útfærslu í öðrum EES-rikkjum þannig að íslenskum fjármálafyrirtækjum verði ekki íþyngt í samkeppni við erlend fjármálafyrirtæki að þessu leyti.

Samning ársreiknings og undirritun, 31. gr. frumvarps.

Í e-lið er kveðið á um eftirfarandi staflið: „*yfirlit yfir hvers konar styrki eða niðurgreiðslur, og fjárhæð þeirra, sem félagið hefur þegið frá hinu opinbera.*“ Æskilegt væri að bæta við stafliðinn orðunum „á reikningsárinu“.

Eftirlit á samstæðugrundvelli, 37. gr. frumvarps.

Í c-lið segir: „*Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að félag skuli teljast hluti af samstæðu fjármálafyrirtækis þegar fjármálafyrirtækið hefur ráðandi áhrif á félagið.*“ Mikilvægt er að fram komi að þetta ákvæði breytir ekki þeim reglum og aðferðafræði sem liggja til grundvallar ákvörðunar á því hvaða félög falla innan samstæðu í reikningsskilum. Taka ætti taka fram að ákvæðið á aðeins við um það þegar ákvarðað er hvaða félög falla innan samstæðu að því er varðar eftirlit á samstæðugrundvelli.

Gildistaka, 45. gr. frumvarps.

Í frumvarpinu er mælt fyrir ýmsum veigamiklum breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki. Verði frumvarpið að lögum er rétt að fjármálafyrirtæki fái lágmarkstíma til að bregðast við ákvæðum laganna. Þannig væri réttara að miða almenna gildistöku við upphaf nýs reikningskilatímabils og þá annað hvort 1. júlí 2015 eða 1. janúar 2016.

Varðandi breytingar á gildistöku ákvæða um eiginfjáruka, þá er ljóst að margt er óljóst varðandi það efni, m.a. ákvörðun um þá þætti sem koma undir eiginfjárþátt A. Ljóst er að tilskipunin veitir frekara svigrúm til innleiðingar og því vær nær að miða innleiðingu eiginfjárukana við 1. janúar 2017 og 1. janúar 2018 í stað 1. janúar 2016 og 1. janúar 2017.

Skilgreiningar.

Í 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins er talað um „áhættustefnu“ og „áhættuvilja“. Áhættustefna er þýðing á enska orðinu Risk strategy og áhættuvilji er þýðing á enska orðinu Risk appetite. Þessi hugtök koma víða fyrir í frumvarpinu án þess að þau séu skilgreind sérstaklega. Í tilmælum frá Basel Committee on Banking Supervision er Risk appetite skilgreint með eftirfarandi hætti:

The aggregate level and types of risk a bank is willing to assume, decided in advance and within its risk capacity, to achieve its strategic objectives and business plan.

Ekki er að finna á sama stað skilgreiningu á hugtakinu Risk strategy en SFF telja að mikilvægt sé fyrir fjármálafyrirtæki að skýra mikilvæg hugtök sem koma ítrekað fram í frumvarpinu. Ekki er að finna útskýringar í athugasemdum við einstök ákvæði sem geta komið í stað eiginlegra skilgreininga.

Að lokum fagna SFF að heildarendurskoðun laganna eigi að fara fram eftir þessi tilskipun Evrópusambandsins hefur verið innleidd í lögum um fjármálafyrirtæki.

SFF eru reiðubúin til að mæta á fund nefndarinnar til að ræða þessar athugasemdir nánar.

Virðingarfyllst,


Arnína Steinunn Kristjánsdóttir,


Yngvi Örn Kristinsson.

lögfræðingur

Fylgiskjal:

1. Yfirlit yfir innleiðingu á CRD IV í lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Frv.	Ákvæði laga nr. 161/2002	Innleiðing	Helstu atriði	Aðrar athugasemdir
1. gr.	1. gr. a. Orðskýringar.	Tilskipun og lagfæringar.	Orðalag fært til samræmis við tilskipun eða aðra löggjöf, t.d. lög umstaðfesta samvist. Nýjar orðskýringar eru nú þegar að finna í lögnum en hafa verið færðar til. Alveg nýjar orðskýringar eru "breytileg starfskjör" og "yfirstjórn".	Skilgreining á "yfirstjórn" er séríslensk.
2. gr.	3. mgr. 2. gr. Starfsleyfisveitandi.	Lagfæring.	Lagfæring þar sem núgildandi 52. gr. er skipt upp í tvö ákvæði.	Í samræmi við efni tilskipunar.
3. gr.	6. tl. 5. gr. Umsókn.	14. gr. CRD IV.	Áréttað að í umsókn um starfsleyfi skulu fylgja upplýsingar um hlutfallslegt eignarhald allra hluthafa eða stofnfjárhafa.	
4. gr.	2. mgr. 7. gr. Synjun starfsleyfis.	11. gr. CRD IV.	Veiting starfsleyfis verður að byggja á málefnalegum sjónarmiðum.	
5. gr.	1. mgr. 9. gr. Ástæður afturköllunar.	18. gr. CRD IV.	Fjármálafyrirtæki (FFT) þurfa að uppfylla kröfur laganna um laust eigið fé og stórar áhættuskuldbindingar (e. Large Exposures). FME fær frekari heimildir til afturköllunar.	Meðalshófs ekki gætt.
6. gr.	17. gr. Eftirlitskerfi með áhættu.	76. gr. CRD IV.	Á eftir 2. mgr. 17. gr. koma fimm nýjar málsgreinar. Tilskipunin setur auknar skyldur á FFT að þau hafi yfir að ráða virkri áhættustýringu sem geti á fullnægjandi hátt metið áhættu í starfsemi FFT og veitt stjórn FFT yfirlit yfir raunverulega áhættu og fullnægjandi aðstoð við að skilja áhættuna.	Séríslensk regla að tilkynna skuli FME ef yfirmaður áhættustýringar lætur af störfum. Ekki gætt meðalshófs varðandi stöðugildi yfirmanns áhættustýringar.

7. gr.	19. gr. Góðir viðskiptahættir og venjur.	Ekki innleiðing á CRD IV en eftirlitsstofnanir á fjármálamörkuðum hafa gefið út leiðbeiningar hvernig beri að meðhöndla kvartanir sinna viðskiptavina.	Bætt er við ákvæði að reglur FME skuli fjalla um almenn samskipti FFT við viðskiptavini sína, t.d. upplýsingagjöf og kvartanir. Í lögum og reglum er ekki að finna leiðbeiningar um hvernig FFT skuli meðhöndla kvartanir viðskiptavina sinna. Þá er 3. mgr. 19. færð til í lögnum (stjórnarhættir).	Séríslensk regla að tilmæli eftirlitsstofnana verði innleidd í lög. Hugtökin "eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur á fjármálamarkaði" innleitt í lögina með tilskipun 93/22/EB.
8. gr.	1. mgr. 20. gr. Starfsheimildir viðskiptabanka, sparisjóða og láanafyrirtækja.	15. tl. viðauki 1 í CRD IV.	Útgáfa rafeyris getur talist til starfsheimilda viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja.	
9. gr.	28. gr. Hámark virkra eignarhluta.	Lagfæring.	Orðskýring er færð í 1. gr. a.	
10. gr.	2. mgr. og 3. mgr. 29. gr. a. Lánveitingar.	Ekki innleiðing á CRD IV. Ein breyting vegna athugasemda AGS um fylgni FME við kjarnareglur Basel-nefndarinnar.	Með lögum nr. 75/2010 voru settar þröngar skorður við lánveitingum til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna. Með núverandi breytingu er "fyrirgreiðsla" útskýrð. Samtala láns og annarrar fyrirgreiðslu sem heimilt er að veita, er hækkað upp í 200 millj. að teknu tilliti til takmarkana skv. 30. gr. (takmarkanir á stórum áhættum). Þá kemur fram að viðskipti FFT við eigendur virkra eignarhluta og stjórnarmanna, eða aðila í nánnum tengslum við þá, skulu, eftir því sem kostur er, lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum. Þá skulu viðskipti framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna við FFT fara eftir 2. mgr. 57. gr. Þessi regla um armlengdarsjónarmið í 4. og 5. másl. er tilkomin vegna athugasemda AGS. Takmarkanir gilda ekki ef eigandi virks eignarhlutar er ríki eða sveitarfélag.	Séríslenskt ákvæði sem kom inn í lögina með lögum nr. 75/2010. Reglan um lánveitingu er ekki þrengd með þessari breytingu.

11. gr.	30. gr. Takmarkanir á stórum áhættum.	Breytingar m.a. vegna endurskoðaðra reglna FME nr. 625/2013 um stórar áhættuskuldbindingar hjá FFT. 2. mgr. 30. gr. í frumvarpinu er úr 1. mgr. 111. gr. tilskipunar 2006/48/EB. 6. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 111. gr. tilskipunar 2006/48/EB.	Taka skal tillit til áhættumildandi þátta þegar metið er hvort áhættuskuldbinding fari yfir 25% af eiginfjárgrunni FFT. Í 2. mgr. er lagt til að það verði lögfest sérstakt fjárhæðarmark vegna áhættuskuldbindinga hjá FFT þar sem mótaðilinn er annað FFT. CRD IV heimilar að þetta fjárhæðarmark verði allt að 150 millj. EUR eða ca. 23 milljarðar ísl. kr. Heimildin verður ekki nýtt og viðmiðið verður 10 millj. ísl. kr. 6. mgr. heimilar FME að veita undanþágu frá 1. - 3. mgr. ákvæðisins. Undanþágan er almenn. Frumvarpið fellir út að samtal stórra áhættuskuldbindinga megi ekki fara yfir 400% af eiginfjárgrunni, er það til samræmis við reglur FME um stórar áhættuskuldbindingar hjá FFT. Þessi breyting er einnig í samræmi við gildandi tilskipun 2006/48/EB.	Gengið er styttra í að að innleiðingu þegar það kemur að þessu sérstaka fjárhæðarmarki. Hámarksfjárhæðin þykir of há miðað við íslenskar aðstæður.
12. gr.	37. gr. Tilkynning um þjónustu án stofnunar útibús.	Ákvæðið innleiðir að fullu 2. mgr. 31. b. hluta MiFID tilskipunar.	FFT skal tilkynna við ákveðnar aðstæður ef það ætlar að nota fasta umboðsmenn.	
13. gr.	40. gr. Tilkynning til Fjármálaeftirlitsins.	Breytingin er til samræmis við 19. gr. 2006/48/EB sem áður hefur verið innleidd. Núgildandi reglur eru í ósamræmi við Evrópurétt.	Eftir breytingu skal tilkynna breytingu á virkum eignarhlut ef hluturinn nær eða fer upp fyrir 20%, 33% eða 50%. 25% mörkin hafa verið tekin út, einnig er miðað við að breytingin nái þessum mörkum en fari ekki bara yfir þau. Ný málsgrein hnykkir á þeirri grunnreglu laganna að kaup aðila á virkum eignarhlut gangi fyrst í gegn þegar FME hefur metið aðilann hæfan til að fara með slíkan eignarhlut eða þegar tímafrestur er liðinn lögum skv.	
14. gr.	42. gr. Mat á hæfi umsækjanda.	Breytingin er til samræmis við 2. og 4. mgr. 22. gr. CRD IV og 4. mgr. 19. gr. 2006/48/EB.	Breytingar varða fresti FME til að meta hæfi umsækjanda um virkan eignarhlut og þann tíma sem FME hefur til að vinna úr umsókninni. Nýtt orðalag á ekki að lengja núverandi frest.	
15. gr.	43. gr. Tilkynning til aðila sem telst ekki hæfur.	Breytingin er til samræmis við 2. mgr. 23. gr. CRD IV.	Áréttað er að FME geti tekið ákvörðun á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga ef viðbótarupplýsingar sem FME biður um, hafa ekki borist innan viðeigandi tímamarka.	

16. gr.	46. gr. Óhæfur aðili eignast hlut.	Lagfæring.	Núverandi ákvæði er ekki í fullu samræmi við inntak VI. kafla laganna og 2. kafla CRD IV. Greinin fellur því brott.	
17. gr.	47. gr. Tilkynning eiganda um aðilaskipti.	Lagfæring.	dótturfyrirtæki/dótturfélag	
18. gr.	49. gr. Upplýsingaskylda.	Lagfæring.	Með lögum nr. 75/2010 féll út heimild FME til að fara með viðvarandi mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta. Þessi breyting styrkir heimild FME til þess.	
19. gr.		Núgildandi ákvæði er skipt upp í 52. gr. og 52. gr. a., innleidd eru ákvæði 1., 7. og 9. mgr. 91. gr. CRD IV.	Ákvæði sem taka beint á hæfi stjórnarmanna verða í 52. gr. Ákvæði sem fjalla um önnur störf stjórnarmanna verða í nýrri grein, 52. gr. a. Bætt er við að stjórnarmenn megi ekki hafa hlotið dóm fyrir brot gegnum lögum um gjaldeyrismál. Bætt er við að stjórnarmenn þurfi að búa yfir nægjanlegri hæfni til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt, til viðbótar við þekkingu og starfsreynslu. Nýtt ákvæði um samsetningu stjórnar, 1. og 7. mgr. 91. gr. CRD IV. Nýtt ákvæði um kynningu á starfsemi FFT fyrir nýjum stjórnarmanni auk viðeigandi þjálfunar til stjórnarsetunnar. Starfsmenn FFT mega ekki sitja í stjórn viðkomandi FFT.	Séríslenskar reglur að stjórnarmenn skulu hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og að starfsmönnum FFT sé óheimilt að sitja í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis.
20. gr.	Ný grein, verður 52. gr.a. Önnur störf stjórnarmanna.	91. gr. CRD IV.	Ákvæðið fjallar um önnur störf stjórnarmanna. Stjórnarmenn skulu verja fullnægjandi tíma í vinnu sína sem stjórnarmenn.	Tilskipunin setur kröfu um takmörkun á hvað stjórnarmenn megi að jafnaði sinna mörgum stjórnarsetum ásamt stjórnarsetu í FFT. Slík takmörkun er ekki inn í frumvarpinu núna en bætist líklega við á næstu misserum.

21. gr.	54. gr. Verkaskipting stjórnar og framkvæmdastjóra. Framkvæmd starfa stjórnar.	Breytingar byggjast m.a. á 88. gr. CRD IV.	FFT ber heildarábyrgð á starfsemi og stefnumótun FFT ásamt áhættustefnu þess. Ákvæði um eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna byggist á 3. mgr. 68. gr. hfl. Einnig er kveðið á um ábyrgð stjórnar á stjórnarháttum, innra skipulagi og hagsmunaárekstrum. Þá skulu stjórnarmenn starfa af heiðarleika, heilindum og fagmennsku. Stjórn skal hafa skilvirkt eftirlit með framkvæmdastjóra. Ekki lengur skylda að fá staðfestingu FME á reglunum, nú dugir að senda þær til FME. Skylda að FFT geri grein fyrir því á heimasíðu sinni eða í ársreikningi hvernig FFT uppfylli kröfurnar um stjórnarhætti.	
22. gr.	Ný grein, verður 54. gr.a. Hlutverk stjórnar vegna áhættustýringar.	Breytingar byggjast m.a. á 76. gr. CRD IV.	Stjórn FFT skal samþykka áhættustefnu sem FFT mótar vegna áhættuvilja og áhættustýringar. Stjórn skal tryggja að reglulega sé farið yfir verkferla áhættustýringar og þeir endurnýjaðir. Tryggja skal að skilgreindur og afmarkaður hluti tíma stjórnar fari í að sinna og fjalla um áhættu í starfsemi FFT. Afmarka þarf einnig þá fjármuni sem ráðstafa skal til að sinna virkri áhættustýringu.	
23. gr.	56. gr. Þátttaka starfsmanna í atvinnurekstri.	Lagfæring.	Í samræmi við aðrar breytingar. Ekki lengur skylda að fá staðfestingu FME á reglum FFT um þáttöku starfsmanna í atvinnurekstri. Skv. frumvarpinu er nóg að senda FME reglurnar.	
24. gr.	57. gr. Viðskipti starfsmanna við fjármálafyrirtæki.	Breyting.	Ekki lengur skylda að fá staðfestingu FME á reglum um viðskipti starfsmanna við FFT. Senda skal FME þær.	
25. gr.	57. gr. a. Kaupaukakerfi.	Innleiðing á 92. og 95. gr. CRD IV.	Stjórn FFT samþykkir starfskjarastefnu FFT. Ekki þarf lengur staðfestingu FME. Ef FFT hefur yfir 100 starfsmenn eða á eignir umfram 20 milljarða er því skylt að skipa sérstaka starfskjaranefnd. FME getur veitt undanþágu frá stofnun starfskjaranefndar.	d-liður 2. mgr. er séríslenskur.
26. gr.	Nýjar greinar, 57. gr. b - 57. gr. e.			

a.	57. gr. b. Starfsreglur um breytileg starfskjör.	Innleiðing á c-lið 1. mgr. 94. gr. CRD IV.	FFT fær heimild til að ákvarða starfsmönnum sínum breytileg starfskjör eftir reglum sem stjórn samþykkir að fenginni ráðgjöf starfskjaranefndar. Óheimilt er að ákvarða stjórnarmönnum breytileg starfskjör. Óheimilt er að gera ráð fyrir tryggðum breytilegum starfskjörum en heimilt er að greiða ráðningarkaupauka.	Séríslensk regla að óheimilt sé að ákvarða stjórnarmönnum breytileg starfskjör en er heimilt skv. tilskipun.
b.	57. gr. c. Hámark breytilegra starfskjara.	Innleiðing á 92. gr. CRD IV.	Hámark breytilegra starfskjara tekur aðeins til starfsmanna FFT sem teljast hafa veruleg áhrif á áhættusnið FFT. Hámarkshlutfall ákvarðaðra breytilegra starfskjara getur hæst orðið 25% af föstum starfskjörum. Starfsmenn eftirlitseininga geta fengið greidd breytileg starfskjör skv. frumvarpinu en slíkt er ekki heimilt skv. núgildandi reglum FME um kaupauka.	Séríslensk regla varðandi hámark breytilegra starfskjara. Gengið er mun styttra í innleiðingu en tilskipun leyfir. Hún heimilar hámark breytilegra starfskjara 100% og 200% með samþykki hluthafafundar. Meðalhófs ekki gætt varðandi smærri og sérhæfðari FFT.

	<p>c. <i>57. gr. d. Samsetning og frestun breytilegra starfskjara.</i></p>	<p>Innleiðing á 94. gr. CRD IV.</p>	<p>A.m.k. helmingur ákvarðaðra breytilegra starfskjara skal vera í bréfum. Núverandi reglur FME um kaupaukakerfi FFT gera ekki þessa kröfu. Undantekning fyrir starfsmenn innri endurskoðunardeildar sem mega ekki vera hluthafar í viðkomandi FFT.</p>	<p>Ákvæði tilskipunar er verulega þengt. Tilskipunin gerir aðeins ráð fyrir að þeir starfsmenn sem getið er um í b. lið 26. gr. frumvarps, skuli fá greidd a.m.k. 50% breytilegra starfskjara í hlutabréfum eða sambærilegum bréfum, ef við á en gildissvið tilskipunarinnar varðandi breytileg starfskjör nær ekki yfir aðra starfsmenn. Skv. ákvæði frumvarpsins skal greiða öllum starfsmönnum a.m.k. helming breytilegra starfskjara í hlutabréfum.</p>
	<p>d. <i>57. gr. e. Afturköllun og endurkrafa breytilegra starfskjara.</i></p>	<p>Innleiðing á i- og n-liðum 1. mgr. 94. gr. CRD IV.</p>	<p>Ekki er lengur heimilt að krefja starfsmann um endurgreiðslu 5 ár aftur í tímann. Endurkröfuréttur þengri en í núverandi reglum FME, starfsmanni í hag.</p>	

27. gr.	59. gr. Undanþága frá þagnarskyldu vegna áhættustýringar og eftirlits á samstæðugrunni.	Lagfæring.	Tilvísun í orðskýringu felld niður þar sem hún hefur verið færð til í lögnum.
28. gr.	VII. kafli. Stjórn og starfsmenn.		Kaflaheiti breytt í <i>Stjórn, stjórnarhættir og starfsmenn</i> .
29. gr.	IX. kafli.		Kaflaheiti breytt í <i>Meðhöndlun áhættuþátta í starfsemi fjármálafyrirtækis</i> .
	Nýtt ákvæði, 78. gr. Áhættunefnd.	76. gr. CRD IV.	FFT er skylt að starfrækja áhættunefnd sem skal sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn félagsins. FME getur veitt undanþágu frá starfsrækslu nefndarinnar.
	Níu nýjar greinar, 78. gr. a til 78. gr. i.		
	78. gr. a. Útlána- og mótaðilaáhætta.	79. gr. CRD IV.	FFT skal byggja lánveitingar sínar á traustum og vel skilgreindum viðmiðum. FFT skal beita eigin aðferðarfræði til að meta útlánaáhættu, nota skilvirk kerfi og aðferðir við stýringu. Dreifing útlánasafns skal vera fullnægjandi m.t.t. þeirra markaða sem FFT starfar á og útlánastefnu þess.
	78. gr. b. Eftirstæð áhætta.	80. gr. CRD IV.	FFT skal meðhöndla og stýra þeirri áhættu sem verður eftir þegar viðurkenndar aðferðir þess við mildun útlánaáhættu reynast ekki jafnárangursríkar og vænst var.
	78. gr. c. Samþjöppunaráhætta.	81. gr. CRD IV.	Skylda FFT til að meðhöndla samþjöppunaráhættu. Huga skal að mótaðila.
	78. gr. d. Áhætta vegna verðbréfunar.	82. gr. CRD IV.	Skylda FFT til að hafa til staðar úrræði til að meðhöndla áhættu vegna verðbréfunar.
	78. gr. e. Markaðsáhætta.	83. gr. CRD IV.	Skylda FFT til að stýra markaðsáhættu.
	78. gr. f. Vaxtaáhætta vegna viðskipta utan veltubókar.	84. gr. CRD IV.	Skylda FFT vegna mögulegra vaxtabreytinga sem hafa áhrif á viðskipti utan veltubókar.
	78. gr. g. Rekstraráhætta.	85. gr. CRD IV.	Skylda FFT til að stýra rekstraráhættu og greina hvað gæti fallið undir rekstraráhættu.
	78. gr. h. Lausafjáraáhætta.	86. gr. CRD IV.	Skylda FFT til að stýra lausafjáraáhættu og greina hvað gæti fallið undir lausafjáraáhættu.

	<i>78. gr. i. Áhætta vegna óhóflegrar vogunar.</i>	87. gr. CRD IV.	Kveðið verður á um útreikning á vogunarhlutfalli í reglugerð. Skylda á FFT að stýra áhættu vegna óhóflegrar vogunar með varfærnum hætti.	
	<i>79. gr. Eftirlit með meðhöndlun áhættuþátta.</i>	5. gr. CRD IV.	FME og Sí skulu viðhafa reglubundna samvinnu vegna eftirlits með lausafjánhættu FFT. FME fær heimild til að setja bindandi reglur um einstaka áhættuþætti í starfsemi FFT. Með ákvæðinu er verið að bregðast við úttekt AGS á fylgni FME við Basel reglur, en AGS benti á að verulega skorti á heimildir FME til að setja bindandi reglur um einstaka áhættuþætti í starfsemi FFT.	
30. gr.	Sex nýjar greinar um eiginfjárouka o.fl.	129. - 142. CRD IV.	Ákvæðin kveða á um skyldu FFT til þess að viðhalda verndunarauka og heimildir FME eftir tillögu frá fjármálastöðugleikaráði til að ákveða að FFT viðhaldi öðrum eiginfjároukum sem nánar er kveðið á um í greininum.	
	<i>84. gr. a. Eiginfjároukar og samanlögð krafa um eiginfjárouka.</i>		Almennt kveðið á um eiginfjárouka. Eiginfjároukar leggjast saman ef fleiri en einn eiginfjároukanna er virkur.	
	<i>84. gr. b. Eiginfjárouki vegna kerfisáhættu.</i>	133. - 134. gr. CRD IV.	FME er heimilt að kveða á um eiginfjárouka vegna kerfisáhættu og gildi hans. Heimilt er að kveða á um að eitt eða fleiri FFT viðhaldi eiginfjárouka vegna kerfisáhættu.	
	<i>84. gr. c. Eiginfjárouki fyrir kerfisleg mikilvæg fjármála fyrirtæki.</i>		FME er heimilt að kveða á um eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg FFT. Byggt skal á skilgreiningu fjármálastöðugleikaráðs á kerfislega mikilvægum aðilum.	
	<i>84. gr. d. Sveiflujöfnunarauki.</i>	130. og 134. - 140. gr. CRD IV.	Sveiflujöfnunaraukanum er ætlað að styrkja og með því vernda fjármálakerfið á tímum mikils útlánvaxtar sem er oft nátengdur uppbyggingu kerfisáhættu. Undanþága fyrir ákveðin FFT frá þeirri skyldu að viðhalda sveiflujöfnunarauka.	

	84. gr. e. Verndunarauki.	129. gr. CRD IV.	Skylda FFT til þess að viðhalda eigin fé vegna verndunarauka. FFT þurfa að halda eftir meira eigin fé en áður til að auka viðnámsþrótt þeirra. Eigin eiginfjárukinn sem er fastur. Gildir á samstæðugrunni. Undanþága fyrir ákveðin FFT.	
	84. gr. f. Áætlun um verndun eiginfjár.	142. gr. CRD IV.	Viðhaldi FFT ekki nægjanlegu eigin fé, eins og lög mæla fyrir um, skal stjórn FFT útbúa og afhenda FME áætlun um verndun eigin fjár. FFT verður því að vinna kerfisbundið að því að auka eiginfjárgrunn sinn.	
31. gr.	87. gr. Samning ársreiknings og undirritun.	89. - 90. gr. CRD IV.	Þrír nýir stafliðir bætast við. FFT er skylt að birta í ársreikningi sínum tiltekna upplýsingar um starfsemi dótturfélaga sinna. Þá skal FFT birta upplýsingar um hvers konar styrki eða niðurgreiðslur sem FFT hefur fengið frá hinum opinbera. Þá skal FFT einnig tilgreina arðsemi eigna sinna í lykiltölum í ársreikning. Tvö síðasttöldu atriði er að finna í CRD IV.	Séríslensk regla krafan um birtingu upplýsinga um starfsemi dótturfélaga.
32. gr.	93. gr. Góð endurskoðunarvenja.	Lagfæring.	Lagfæring (dótturfélag)	
33. gr.	94. gr. Sérstök endurskoðun.	Lagfæring.	Lagfæring (dótturfélag)	
34. gr.	97. gr. Samstæðureikningsskil.	Lagfæring.	Lagfæring.	
35. gr.	101. gr. Skilyrði og upphaf slitameðferðar.	Lagfæring.	Lagfæring vegna færslu á orðskýringum.	
36. gr.	107. gr. Fjármálaeftirlitið.	Lagfæring.	Lagfæring (dótturfélag)	
37. gr.	109. gr. Eftirlit á samstæðugrundvelli.	119. - 127. gr. CRD IV.	Breytingar í c og d lið m.a. tilkomnar vegna ábendinga frá Eftirlitsstofnun EFTA vegna innleiðingar á tilskipun 2002/87/EB. FME mun fá heimild til að kveða á um að einstök félög skuli teljast hluti af samstæðum FFT, sbr. sambærilegar heimildir FME vegna samstæðna vátryggingafélaga og fjármálasamsteypa. FME skal setja reglur um eftirlit með FFT á samstæðugrunni. Reglurnar munu m.a. taka mið af norskum reglum um sama efni auk ákvæða 119.-127. gr. CRD - IV.	

			Lagfæring vegna annarra ákvæða sem breytt hafa verið. Þó eru heimildir FME til að leggja á stjórnvaldssekt við brot á reglum um sérstakt hæfi stjórnarmanna rýmkaðar þannig að heimildin nái einnig til tilvika þegar stjórnarmenn taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti og án þess að umfang þeirra viðskipta séu veruleg.	
38. gr.	110. gr. Viðurlög.	Lagfæring og breyting.		
39. gr.	112. gr. b. Sektir eða fangelsi.	Lagfæring.	Tilvísun, orðalag o.fl.	
40. gr.	Ný grein, 116. gr. A. <i>Upplýsingaskylda vegna könnunar- og matsferlis.</i>	c. liður 1. mgr. 143. gr. CRD IV.	Sú skylda er lögð á FME að birta opinberlega þau viðmið og aðferðarfræði sem FME styðst við og liggur til grundvallar könnunar- og matsferli.	
41. gr.	117. gr. Innleiðing.	Lagfæring.	Tilskipun 2002/87/EB bætt í upptalningu.	
42. gr.	Nýjar greinar, 117. gr. A. <i>Innleiðing reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.</i>	Innleiðing á reglugerð.	Reglugerðin felur m.a.a í sér nánari útfærslu á umgjörð og starfsemi FFT.	
	<i>117. gr. B. Innleiðing tæknilegra framkvæmdarstaðla og tæknilegra eftirlitsstaðla í íslenskan rétt.</i>	Innleiðing á reglugerð.		
43. gr.	118. gr. Gildistaka.	Lagfæring.	Tilvísun í eldri lög felld niður.	
44. gr.	Ákvæði til bráðabirgða V.	Lagfæring.	Tilvísun löguð.	
45. gr.	Gildistökuákvæði.		Eiginfjárukaákvæði koma ekki til framkvæmda í einu lagi. Minni FFT fá svigrúm til að byggja upp eiginfjárgrunn sinn.	